

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2017, miðvikudaginn 3. maí kl. 9.05, var haldinn 189. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Kerhólum. Viðstödd voru Hjálmar Sveinsson, Karl Sigurðsson, Gísli Garðarson, Sverrir Bollason, Halldór Halldórsson, Áslaug María Friðriksdóttir, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir og Svafar Helgason áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Þorsteinn Hermannsson og Helena Stefánsdóttir.

Fundarritari er Erna Hrönn Geirsdóttir.

Petta gerðist:

(D) Ýmis mál

1. Umhverfis- og skipulagsráð, kosning fulltrúa Mál nr. US170147

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 2. maí 2017, vegna samþykktar borgarstjórnar s.d. um að Karl Sigurðsson taki sæti í umhverfis- og skipulagsráði í stað Magneu Guðmundsdóttur.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

2. Borgarlínan, valkostagreining Mál nr. US170148

Kynnt niðurstaða valkostagreiningar COWI, dags. 24. apríl 2017.

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Akstur bifreiða og hópferðabifreiða um miðborgina, stefnumótun og aðgerðaáætlun - skipan starfshóps Mál nr. US160216

Lögð fram skýrsla stýrihóps, dags. 1. apríl 2017, um akstur hópibifreiða um miðborgina.

Skýrsla stýrihóps, dags. 1. apríl 2017, samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

Umhverfis- og skipulagsráð bókar: „Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir tillögu stýrihóps um akstur hópferðabifreiða um miðborgina. Ráðið telur mikilvægt að halda áfram virku samráði við bæði íbúa og ferðaþjónustuaðila um framtíðarfyrirkomulag mála í miðborginni til að tryggja sem best samlífi miðborgarbúa og gesta borgarinnar. Leggur ráðið því áherslu á að fylgst verði náið með framvindu mála og staðan metin reglulega þar til að endurskoðunarákvæði tillagnanna verða virkjuð.“

4. Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2015-2020, kynning Mál nr. US170150

Kynnt staða hjólreiðaáætlunar Reykjavíkur 2015-2020.

Kristinn Jón Eysteinnsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Ægisgarður, stöðubann (USK2017050002) Mál nr. US170151

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagsviðs, samgöngur, dags. 2. maí 2017, varðandi stöðubann við Ægisgarð.
Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

(C) Fyrirspurnir

6. Hringbraut 29, (fsp) breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN170357
540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík
600169-2039 Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík
Lögð fram til kynningar fyrirspurn Háskóla Íslands, mótt. 19. apríl 2017, um breytingu á deiliskipulagi deiliskipulags Háskóla Íslands vegna lóðarinnar nr. 29 við Hringbraut sem felst í viðbyggingu við Gamla Garð og nýbyggingu á lóð sunnan hans. Byggingarnar eru tvær, annars vegar viðbygging við suðvesturgötu Gamla garðs, og hins vegar L- laga nýbygging sem opnast að Gamla Garði, samkvæmt uppdr. Ydda arkitekta, dags. 19. apríl 2017.

Hjördís Sóley Sigurðardóttir og Hildur Ýr Ottósdóttir frá Ydda arkitektum, Dagný Bjarnadóttir frá Dagný Land Design og Guðrún Björnsdóttir frá félagsstofnun stúdenta taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

7. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US170156
brugðist verði við alltof hárra vatnsstöðu við byggðina í Norðlingaholti.
Lögð fram eftirfarandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins: Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Halldór Halldórsson og Áslaug Friðriksdóttir leggja til að brugðist verði nú þegar við alltof hárra vatnsstöðu við byggðina í Norðlingaholti. Svæði sem áður var á þurru er nú umflotið milli Norðlingaholts og Rauðhóla. Athuga þarf hvort ekki þarf að lækka vatnsstöðu Elliðavatnsins eins og áður var gert með því að opna lokur í stíflugarði og hleypa vatni á árfarveg Bugðu sem er þurr neðan stíflugarðs í Elliðavatni. Einnig er lögð fram greinargerð.
Frestað.
- Kl. 11.41 viku Áslaug María Friðriksdóttir af fundinum og Herdís Anna Þorvaldsdóttir tekur þar sæti.

(A) Skipulagsmál

8. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Mál nr. SN010070
Reykjavíkur, fundargerð
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 28. apríl 2017.
9. Kringlan, hugmyndasamkeppni (01.721) Mál nr. SN170316
Kynnt drög að samkeppnislýsingu Reykjavíkurborgar og Reita, dags. 1. apríl 2017, breytt 28. apríl 2017, um lokaða hugmyndasamkeppni með forvali er að ræða - fyrir skipulagssvæði sem afmarkast af Miklubraut, Kringlumýrabraut, Listabraut og eystri hluta þeirrar götu sem liggur í "U" um svæðið út frá Listabraut og ber sama nafn og verslunarmiðstöðin Kringlan.
Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að auglýsa forval vegna hugmyndasamkeppni um uppbyggingu Kringlusvæðis.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. Gufunes, lóð áburðarverksmiðjunar, (02.22) Mál nr. SN170371

breyting á deiliskipulagi

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, mótt. 27. apríl 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Gufunes. Í breytingunni felst að afmarkaðar eru nýjar lóðir á deiliskipulagssvæðinu fyrir Gufunesveg 29-31 og 37 annarsvegar og Gufunesveg 53-55 hinsvegar. Samhliða því minnkar lóð Reykjavíkurborgar (Áburðarverksmiðjan) sem því nemur, samkvæmt uppdr. Plúsarkitekta ehf., dags. 27. apríl 2017.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. Kjalarnes, Mógilsá svæði Þ1, breyting á (34.2) Mál nr. SN170367 deiliskipulagi

561204-2760 Landmótun sf., Hamraborg 12, 200 Kópavogur

610116-1320 MVR ehf., Hlíðasmára 12, 201 Kópavogur

Lögð fram umsókn Landmótunar sf., mótt. 26. apríl 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Mógilsár og Kollafjarðar fyrir svæði Þ1 - Þjónustumiðstöð við Mógilsá. Í breytingunni felst að byggingarreitir A og B verða jafnframt sér lóðir innan reits Þ1, samkvæmt uppdr. Landmótunar sf. dags. 25. apríl 2017.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. Lambhagavegur 12 og 14, breyting á (02.498.1) Mál nr. SN160640 deiliskipulagi

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, mótt. 24. ágúst 2016, um breytingu á deiliskipulagi Vesturlandsvegur-Hallar vegna Lambhagavegar 12 og 14. Deiliskipulagsbreytingin felst í því að fyrirkomulagi byggingareita á lóðum 12 og 14 við Lambhagaveg er breytt og heimilt byggingarmagn minnkað og nýtingarhlutfall því samhliða. Jafnframt er lóð spennistöðvar færð innan skipulagssvæðis og innkeyrslur á lóðir færðar, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf., dags. 26. apríl 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

13. Grundarstígsreitur, deiliskipulag (01.18) Mál nr. SN150738 530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, mótt. 26. apríl 2016, ásamt tillögu að deiliskipulagi Grundarstígsreitar sem afmarkast af Grundarstíg, Spítalastíg, Þingholtsstræti og Skálholtsstíg. Í tillögunni eru settir fram almennir skilmálar fyrir gróna byggð á reitnum varðandi uppbyggingu kvista, smárra viðbygginga, svala og lítilla geymsla, í samræmi við byggingarreglugerð og byggingarstíl húsa á reitnum. Einnig er lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 26. maí 2016 vegna samþykktar

borgarráðs s.d. um að vísa tillögu að deiliskipulagi Grundarstígsreits til umhverfis- og skipulagsráðs að nýju og því falið að athuga möguleika á því að koma lóð fyrir flutningshús fyrir innan reitsins. Jafnframt er lagt fram bréf Silju Traustadóttur f.h. Glámu/Kím, dags. 6. september 2016 og breyttur uppdrátt Glámu/Kím ehf., dags. 25. október 2016. Tillagan var auglýst frá 16. nóvember til og með 28. desember 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: 15 eigendur og íbúar að Grundarstíg 4 og 6, dags. 20. desember 2016, Minjastofnun Íslands, dags. 22. desember 2016 og Ragnheiður Jóna Jónsdóttir og 1904 ehf. f.h. Hannesarholts ses. og eigenda Grundarstígs 10, dags. 23. desember 2016 og eigendur að Grundarstíg 2, dags. 28. desember 2016. Einnig er lögð fram fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur fyrir Grundarstígsreit frá 2016, uppdr. Glámu/Kím ehf., dags. 25. október 2016, uppfærður 7. mars 2017, og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 3. mars 2017. Jafnframt er lögð fram athugasemd Ragnheiðar Jónu Jónsdóttur, dags. 27. desember 2016 og svarbréf skipulagsfulltrúa, dags. 31. mars 2017. Leiðrétt bókun frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 5. apríl 2017. Rétt bókun er: Svarbréf skipulagsfulltrúa, dags. 31. mars 2017, samþykkt með þrem atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmars Sveinssonar og Sverris Bollasonar og fulltrúa Bjartrar framtíðar Magneu Guðmundsdóttur. Fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísli Garðarsson, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Ólafur Kr. Guðmundsson og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Guðfinna J. Guðmundsdóttir sitja hjá við afgreiðsluna. Vísað til borgarráðs.

(B) Byggingarmál

14. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð
- Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 922 frá 2. maí 2017.

(C) Fyrirspurnir

15. Dugguvogur 6, (fsp) LED skjár á þak (01.454.0) Mál nr. SN160939
641106-1430 Öryggisfjarskipti ehf, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík
- Lögð fram fyrirspurn Öryggisfjarskipta ehf., mótt. 12. desember 2016, um breytingu á deiliskipulagi eða eftir atvikum nýju deiliskipulagi þar sem heimilað verði að hafa LED skjá á þaki fasteignarinnar að Dugguvogi 6. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 17. febrúar 2017.
Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 17. febrúar 2017.
16. Holtsgata 7B, (fsp) breyting á (01.134.6) Mál nr. SN170207
deiliskipulagi
290656-4869 Gísli Sæmundsson, Álftamýri 49, 108 Reykjavík
701209-2220 Ark-teikn slf., Álftamýri 49, 108 Reykjavík
- Lögð fram fyrirspurn Ark-teikn slf., mótt. 9. mars 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Holtsgöturéits vegna lóðar nr. 7B við Holtsgötu sem felst í að hækka þak hússins lítilla og reisa nýbyggingu á lóðinni með 12-13 smærri íbúðum, samkvæmt uppdr. Ark-teikn slf., dags. 8. mars 2017. Einnig er lagt fram bréf Ark-teikn slf., dags. 15. mars 2017 og umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 6. apríl 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 28. apríl 2017.
Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 28. apríl 2017.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

17. Langholtsvegur 113, kæra 44/2017 (01.414.0) Mál nr. SN170361
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 24. apríl 2017, ásamt kæru, dags. 14. apríl 2017, þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi Langholtsvegar/Drekavogar vegna lóðarinnar nr. 113 við Langholtsveg.

18. Grensásvegur 16a og Síðumúli 37-39, (01.295.4) Mál nr. SN170209
kæra 27/2017, umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 9. mars 2017, ásamt kæru þar sem kært er deiliskipulag fyrir Grensásveg 16A og Síðumúla 37-39. Í kærinni er gerð krafa um frestun réttaráhrifa til bráðabirgða. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 18. apríl 2017.

Fundi slitið kl. 12.20

Hjálmar Sveinsson

Karl Sigurðsson
Gísli Garðarson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Sverrir Bollason
Halldór Halldórsson
Guðfinna J. Guðmundsdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2017, þriðjudaginn 2. maí kl. 11.15 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 922. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Erna Hrönn Geirsdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson og Sigríður Maack. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Austurbakki 2 (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN052733
590815-0980 Cambridge Plaza Hotel Comp ehf., Bergþórugötu 55, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja þann hluta bílakjallara sem liggur undir Reykjastræti og tengir kjallarann undir Geirsgötu og kjallara Hörpunnar og fjölgar bílastæðum um 236 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Stækkun mhl. 15: 3.829,4 ferm., 15.364,9 rúmm.
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
2. Ásvallagata 21 (01.162.208) 101266 Mál nr.
BN052739
110262-5239 Anna Svava Sverrisdóttir, Ásvallagata 21, 101 Reykjavík
Sótt er um breytingar á erindi BN039413 vegna lokaúttektar sem felast í því að hætt er við þakglugga yfir stiga, stigi er brattari vegna burðarbita og salerni og sturtu er komið fyrir undir súð auk þess sem gert er ráð fyrir heitum potti á svölum í húsi á lóð nr. 21 við Ásvallagötu.
Samþykki meðeigenda áritað á teikningu fylgir erindi.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
3. Bergstaðastræti 33B (01.184.410) 102070 Mál nr.
BN052687
670812-0810 Almenna C slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta notkunarflokki húss í flokk 4 og fyrir áður gerðum breytingum m.a. viðbyggingu og innra skipulagi rishæðar í húsinu á lóð nr. 33 B við Bergstaðastræti.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
4. Bergstaðastræti 52 (01.185.306) 102174 Mál nr.
BN052501
091144-4929 Hrefna Smith, Klapparstígur 1, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta brunavörnum í kjallara húss á lóð nr. 52 við Bergstaðastræti.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

5. Bergstaðastræti 68 (01.197.005) 102693 Mál nr.
BN052726
221052-5609 Hjörtur Sigurðsson, Bergstaðastræti 68, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að klæða suðausturhlið með loftaðri áklæðningu í húsi á lóð nr. 68 við Bergstaðastræti.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
6. Borgartún 37 (01.219.102) 186012 Mál nr.
BN052599
630316-0220 Reitir X ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
530292-2079 Nýherji hf., Borgartúni 37, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050272 v/lokaúttektar, þannig að lagfærðar eru merkingar í kjallara skrifstofuhúss á lóð nr. 37 á lóð nr. 35-37 við Borgartún.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
7. Borgartún 8-16A (01.220.105) 199350 Mál nr.
BN052552
681205-3220 HTO ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Sótt er um samþykki fyrir breytingum á erindi BN035574, hæðir 14-18, um er að ræða minni háttar breytingar á brunamerkingum vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 2 við Katrínartún.
Brunahönnunarskýrsla dags. 14. mars 2017 og bréf hönnuðar dags. 4. og 18. apríl 2017 fylgja erindi.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fókheldi.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
Þinglýsa skal yfirlýsingu, áritaðri um samþykki forvarnarsviðs SHS varðandi eignarhald og rekstur öryggiskerfa, sbr. bréf forvarnarsviðs SHS dags. 11. júní 2007.
8. Bragagata 38A (01.186.629) 102324 Mál nr.
BN052493
660302-2630 FoodCo hf., Ármúla 13, 108 Reykjavík
470297-2719 Frumherji hf., Þarabakka 3, 109 Reykjavík
Sótt er um breytingu á erindi BN048356 sem felst í því að koma fyrir útveitingasvæði fyrir 20 manns við hús á lóð nr. 38A við Bragagötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. mars fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. mars 2017.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
9. Drápuhlíð 19 (01.702.222) 107066 Mál nr.
BN052766
611215-0960 ÞJ13 ehf., Drápuhlíð 19, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir breytingum á innra fyrirkomulagi í kjallara og breytingum á eignamörkum vegna gerðar eignaskiptayfirlýsingar í húsi á lóð nr. 19 við Drápuhlíð.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

10. Dunhagi 18-20 (01.545.113) 106483 Mál nr.
BN052641

510209-0440 D18 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að fjölga hæðum úr 3. í 4. hæðir, byggja viðbyggingu við fyrstu hæð og kjallara, minnka íbúðir og fjölga úr ? í ?, koma fyrir hjólastólalyftu utan á húsið og rífa niður bílskúra sem eru á lóðinni nr. 18 - 20 við Dunhaga.

Niðurrif bílskúra XX ferm., XX rúmm.

Stækkun viðbyggingu og 4 hæð : XX ferm., XX rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

11. Efstaleiti 2 (01.745.201) 224636 Mál nr.
BN052546

681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að byggja tvö steinsteyp, 5 og 6 hæða fjölbýlishús með 67 íbúðum sem einnig mun hýsa verslunar- og þjónusturými og veitingastað í flokki II - teg. a með útiveitingum, mhl. 01 og mhl. 02, ásamt bílakjallara fyrir 133 bíla, mhl. 06, sem mun einnig þjóna mhl. 03, 04 og 05 á lóð nr. 2 við Efstaleiti.

Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá Eflu dags. 9. mars 2017

Stærðir:

Mhl.01 2.231,6 ferm., 6.904,4 rúmm.

Mhl.02 5.379,3 ferm., 15.647,6 rúmm.

Mhl.06 4.273,4 ferm., 14.615,0 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífir áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

12. Eiríksgata 17 (01.195.214) 102606 Mál nr.
BN052612

610613-1520 Almenna E slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að setja svalor á íbúðir 0101 og 0201 á austurhlið og á íbúð 0301, sem er þakhæð, á norðurhlið, ásamt því að breyta notkunarflokki í flokk 4 og notkun í gististað í flokki II í húsi á lóð nr. 17 við Eiríksgötu.

Jafnframt er erindi BN049684 sem er nýlega samþykkt dregið til baka.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. mars 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. mars 2017.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Lagfærðum uppdráttum dags. 27. apríl 2017 vísað til skipulagsfulltrúa til yfirferðar.

13. Eyjarlóð 1 (01.111.502) 100028 Mál nr.
BN052195

541008-1440 GT 2 ehf., Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja nýja inndregna 3. hæð yfir mhl. 01 og 02 úr stáli og timburgrind, fjölga eignum í báðum matshlutum, breyta innra skipulagi 2. hæðar í mhl. 2, koma fyrir burðarsúlum og nýrri steyptri loftplötu yfir 2. hæð í mhl. 01 og nýjum inngangi á 1. hæð í húsi á lóð nr. 1 við Eyjarlóð.

Stækkun mhl. 01: 169,9 ferm. XX. rúmm.

Mhl. 02: 326,0 ferm., XX rúmm.

Samtals stækkun: 495,9 ferm., XX rúmm.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

14. Fákafen 11 (01.463.402) 105679 Mál nr.
BN052776

420908-1560 ÞEJ fasteignir ehf, Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að innrétta kaffibar og fjölga gestum á veitingastað í flokki II - teg.c húsi á lóð nr. 11 við Fákafen.

[Gjald kr. 11.000

Frestað.

Umsækjandi hafi samband við embætti byggingarfulltrúa.

15. Fálkagata 20 (01.553.011) 106525 Mál nr.
BN052422

221054-5129 Kristín E Kristleifsdóttir, Fálkagata 20, 107 Reykjavík

010350-4689 Gunnar Snæland, Fálkagata 20, 107 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta skráningu vinnustofu í einbýlishúsi og innrétta íbúð í mhl. 03 á lóð nr. 20 við Fálkagötu.

Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júní 2016.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

16. Frostaskjól 17-23 (01.515.102) 105816 Mál nr.
BN052722

300180-6129 Freyja Jónsdóttir, Frostaskjól 23, 107 Reykjavík

050581-4629 Höskuldur Eiríksson, Frostaskjól 23, 107 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að stækka glugga í kjallara í húsi nr. 23 á lóð nr. 17-23 við Frostaskjól.

Samþykki meðeigenda dags. 05.04.2017 fylgir erindi.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

17. Garðastræti 21 (01.136.523) 100612 Mál nr.
BN052757
470912-0650 Festir ehf., Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN047500, breytingin felst í að reykskynjarar verða ekki tengdir rafmagni eins og áskilið er í byggingarlýsingu fjölbýlishúss á lóð nr. 21 við Garðastræti.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
18. Garðastræti 37 (01.161.109) 101204 Mál nr.
BN052383
530608-0690 GAMMA Capital Management hf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka þakhæð til suðurs, endurnýja þök og gera þaksvalir, byggja steyptan garðskála með kjallara austast í lóðinni og endurgera og stalla garð við hús á lóð nr. 37 við Garðastræti.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. apríl 2017 fylgir erindinu ásamt usmögnum skipulagsfulltrúa dags. 28. apríl 2017.
Stækkun eldra húss: xx ferm., xx rúmm.
Garðskáli: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. apríl 2017.
19. Grjótháls 5 (04.302.301) 111015 Mál nr.
BN052642
671106-0670 Össur Iceland ehf., Grjóthálsi 5, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir mhl. 02, sem er opin sorpgeymsla úr viðargrind með álklaðningu að utan á suðurhluta lóðar nr. 5 við Grjótháls.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. apríl 2017 fylgir erindinu.
Stækkun B rýmis mhl. 02 er: 29,7 ferm., 89,1 rúmm. Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
20. Grjótháls 7-11 (04.304.001) 111019 Mál nr.
BN052734
490911-2510 Kolefni ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að reisa 5 nýja tanka, fjóra lagertanka fyrir bjórframleiðslu og einn fyrir CO2, á lóð nr. 7-11 við Grjótháls.
Stærðir:
Mhl.15 8,0 ferm., 69,8 rúmm.
Mhl.16 8,0 ferm., 69,8 rúmm.
Mhl.17 4,9 ferm., 28,1 rúmm.
Mhl.18 4,9 ferm., 28,1 rúmm.
Mhl.19 7,1 ferm., 79,7 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits á umsóknarblaði.
21. Haukdælabraut 58 (05.114.703) 214805 Mál nr.
BN052640
070376-4829 Reynir Viðar Pétursson, Laufengi 2, 112 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja tvílyft einbýlishús með aukaíbúð á lóð nr. 58 við Haukdælabraut.

Stærðir: 329,2 ferm., 1.347,0 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

22. Hádegismóar 1 (04.411.701) 213064 Mál nr.
BN052365

590658-0149 Freyr ehf, Lynghálsi 2, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN049417, aðallega er um að ræða breytingu á brunavörnum ásamt minni háttar breytingum á innra skipulagi sem lýst er í fylgigögnum og orðið hafa á framkvæmdatíma við skrifstofu- og lagerhús á lóð nr. 1 við Hádegismóa.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

23. Hjaltabakki 2-16 (04.631.501) 111856 Mál nr.
BN052409

620684-0239 Hjaltabakki 2-16, húsfélag, Hjaltabakka 2-16, 109 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta gluggum á íbúðarskilum með því að loka og klæða með plötum flokki 1 og til að breyta stofugluggum með því að koma fyrir opnanlegum fögum í fjölbýlishúsinu á lóð nr. 2 - 16 við Hjaltabakka.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

24. Hverfisgata 125 (01.222.118) 102854 Mál nr.
BN052778

650607-1630 T.&D. ehf, Bergholti 2, 270 Mosfellsbær

Sótt er um breytingu á erindi BN050601 sem felst í gerð gasgeymslu á lóð og útsogsröri á bakhlið frá eldhúsi og upp fyrir þak í húsi á lóð nr. 125 við Hverfisgötu.

Samþykki meðeigenda dags. 26.04.2017 fylgir erindi.

Gjald kr. 11.000
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

25. Hverfisgata 4 (01.170.002) 101320 Mál nr.
BN052754
